

Fundargerð minjaráðs Norðurlands eystra þann 1. desember 2023 kl. 10:00 í Davíðshúsi Bjarkastíg 6 og á Minjasafninu á Akureyri.

Viðstaddir: Soffía Gísladóttir, Guðmundur Ögmundsson, Haraldur Þór Egilsson, Baldur Daníelsson og Sædís Gunnarsdóttir minjavörður Norðurlands eystra.

1. Heimsókn í Davíðshús.

Haraldur Þór safnstjóri var með leiðsögn um safnið og greindi frá þeirri starfsemi sem er í húsinu.

Fundurinn færður á Minjasafnið á Akureyri.

2. Helstu fréttir af minjasvæðinu

Sædís sagði frá nýútkominni skýrslu um um minjavernd í landinu og helstu niðurstöðum hennar.

Meðal lykiltillagna sem fram koma í skýrslunni er að þörf sé á að:

- Blása til sóknar í að auka áhuga fólks á minjum og koma á hvötum til að vernda þær
- Setja kraft í öflun og miðlun þekkingar
- Efla rannsóknir á sviði menningarminja og menningararfs
- Koma á grænum hvötum í tengslum við loftslagsmál og hringrásarhagkerfið í átt að breyttri nýtingu húsa
- Greina hvaða möguleikar eru til þess að styrkja fjárhagslegar stoðir minjaverndar
- Vernda merkar nýminjar í lögum
- Gera aðgerðaáætlun um hvernig vekja megi áhuga almennings á minjum

3. Ársfundur Minjastofnunar 2023 Yngri minjar - áskoranir og tækifæri

Sædís sagði stuttlega frá helstu erindum frá ársfundi Minjastofnunar og Minjaverndarviðurkenningu ársins en hana hlaut Fornverkaskólinn í Skagafirði

4. Önnur mál

Rætt stuttlega um skógrækt og fornleifar.

5. Jólasýning

Haraldur leiðsagði minjaráðinu um jólasýningu Minjasafnsins sem var að opna.

Ekki var fleira gert, fundi slitið 12.10.

Fundargerð ritaði Sædís Gunnarsdóttir